

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Aflakór 20. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. desember 2023 breytingu á deiliskipulaginu Rjúpnahæð, austurhluti, fyrir lóðina nr. 20 við Aflakór. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits um 0,8 m til norðurs og 0,6 m til suðurs til að koma fyrir stækkun á svölum á norðurhlíð hússins og nýju skyggni á suðurhlíð. Heimilt verður að koma fyrir yfirbyggðu hjólaskýli á lóðinni og staðsetning sorpskýlis færast til austurs, 0,5 m frá lóðarmörkum. Heildarstækkun B-rýma nemur 19,9 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Víðigrund 23, 25 og 29. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 9. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi Víðigrundar 1-55 fyrir lóðirnar nr. 23, 25 og 29 við Víðigrund, bílskúrlóðir. Í breytingunni felst að lóðirnar stækka til vesturs. Lóð nr. 25 stækkar úr 453 m<sup>2</sup> í 470,4 m<sup>2</sup>, bílskúrlóð nr. 23 stækkar úr 70 m<sup>2</sup> í 81,5 m<sup>2</sup> og bílskúrlóð nr. 29 stækkar úr 68 m<sup>2</sup> í 79,5 m<sup>2</sup>. Byggingarreitir bílskúra lengjast úr 6,7 m í 8,7 m til norðurs og breikka úr 3,7 m í 4,33 m til vesturs. Þá verður heimilt að koma fyrir þremur gluggum á vesturhlíð bílskúrs nr. 29 ásamt hurð og þremur gluggum á austurhlíð bílskúrs nr. 25.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 3. janúar 2024.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. janúar 2024